

## Ársskýrsla RKB og rannsóknasjóðs 2024

Rannsóknarstofa í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum við  
Landspítala og Háskóla Íslands RKB



**HÍ**

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



LANDSPÍTALI

Árið 2024 var fjórða starfsár stofunnar en hún var stofnuð 18. maí 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Starfsemin er enn að finna sér farveg en ýmislegt hefur þó áunnist.

## **STJÓRN**

Stjórn RKB var í lok árs 2024 þannig skipuð:

- Helga Gottfreðsdóttir, ljósmóðir, prófessor, formaður,
- Guðlaug María Júlíusdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf, aðjunkt
- Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, prófessor
- Heiðdís Valgeirsdóttir, sérfræðilæknir
- Ása Vala Þórisdóttir rannsóknarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Ragnar Grímur Bjarnason, yfirlæknir, prófessor
- Urður Njarðvík, sálfræðingur, prófessor

Stjórn Rannsóknasjóðs RKB var í lok árs 2024 þannig skipuð:

- Jóhanna Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir, lektor, formaður
- Henný Hraunfjörð, hjúkrunarfræðingur,, ritari
- Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir, lektor, gjaldkeri
- Dagbjörg B. Sigurðardóttir, sérfræðilæknir, meðstjórnandi
- Raket Björg Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, meðstjórnandi

## **STJÓRNARFUNDIR**

Stjórn RKB fundaði þrisvar á árinu þar af í tvö skipti með stjórn rannsóknarsjóðsins. Helstu umræðuefni voru (1) haustráðstefna – Fjölskyldan og barnið (2) fjárreiður og starfsemi stofu og sjóðs og (2) auglýsinga- og úthlutunarplön um styrki.

## **STARFSFÓLK**

RKB hefur ekki fengið starfsmann til liðs við sig sem hefur verið eitt helsta baráttumál stjórnarinnar. Þessu mun verða fylgt eftir á nýju ári. Væntanlegur starfsmaður hefði á hendi viðhald heimasíðu stofunnar, umsjón með ráðstefnuhaldi, umsýslu styrkumsókna og -veitinga sjóðsins, auk ritunar fundargerða og ársskýrslu svo eitthvað sé nefnt. Þessum verkefnum hafa stjórnarmeðlimir skipt með sér og notið aðstoðar og samstarfs við vísindadeild Landspítala.

## HLUTVERK

Eitt helsta hlutverk stofunnar er að vera miðstöð vísindarannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna og fjölskyldufræðum á Landspítala og Háskóla Íslands, m.a. með því að auka sýnileika þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer. Þar hefur vönduð, lífleg heimasíða mikla þýðingu.

## HEIMASÍÐA

Heimasíða á ytri vef Landspítala hefur verið opin frá júní 2023:

<https://www.landspitali.is/default.aspx?pageid=efec2e76-19d1-4f23-839d-baa8c86b1a6b>

Vinna þarf að framsetningu upplýsinga á síðunni undir liðnum Vísindaverkefni, um þá vísindastarfsemi sem fer fram á sviðinu.

## HAUSTRÁÐSTEFNA

Ráðstefnan 'Fjölskyldan og barnið' var haldin 1. nóv í Grósku, hugmyndahúsi fyrir nýsköpun á Íslandi. Auglýst var eftir innsendum ágripum og bárust 17 ágrip. Þar af voru 5 í formi erinda eftir hádegi en 12 í formi veggspjalda. Fyrir hádegi voru fjórir lykilfyrirlesarar sem fjölluðu um efnið hver frá sínu sjónarhorni. Framkvæmdastjóri sviðs setti ráðstefnuna en að auki var innlegg frá sóttvarnarlækni sem kom sem staðgengill landlæknis.

Töluverðar umræður urðu um fyrirkomulag ráðstefnunnar og kom það í hlut formanns stofunnar að leiða undirbúningsvinnu. Mikilvægt er að það liggi ljóst fyrir hvert hlutverk stjórnar ætti að vera í þessum viðburði.

## RANNSÓKNASJÓÐUR RKB

Stjórn sjóðsins auglýsti eftir umsóknum um styrki til rannsókna og níu umsóknir bárust. Umsóknir voru metnar af utan að komandi aðilum og meðlimum stjórnar. Haldnir voru sjö stjórnarfundir og auk þess hafði ritari stjórnar tvo fundi með verkefnastjóra vísindadeildar sem aðstoðaði við vinnslu umsókna og úthlutun. Að lokum voru 7 styrkir úr Rannsóknarsjóði RKB afhentir á ráðstefnunni 'Fjölskyldan og barnið' 1.nóvember.

Vefur ráðstefnunnar er hér, með dagskrá og birtum ágripum:

<https://www.landspitali.is/fagfolk/radstefnur-og-malthing/fjolskyldan-og-barnid/>

